

**3209. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
5. maí 2017 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir varaáheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1611009 - Samkomulag um uppgjör lífeyrisskuldbindinga milli ríkis og sveitarfélaga

Uppgjör samkvæmt samningi ríksins og Akraneskaupstaðar um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.

Jóhann Þórðarson, endurskoðandi Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að fram fari fullnaðaruppgjör á 3% hlut Akraneskaupstaðar í uppgjöri lífeyrisskuldbindinga samkvæmt samningi ríkisins og Akraneskaupstaðar frá 13. janúar 2017 og í samræmi við minnisblað tryggingarstærðfræðings Brúar Lífeyrissjóð dags. 26. apríl 2017 og felur bæjarstjóra frágang málsins.

Viðbótarkostnaði umfram áætlun verður mætt með lækkun á handbæru fé.

2. 1701029 - Ársreikningur 2016 - endurskoðun


Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga þarf að leggja fram og staðfesta ábyrgða- og skuldbindingayfirlit í sundurliðunarbók ársreikningsins.

Í yfirlitinu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig koma þar fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna.

Jóhann Þórðarson, endurskoðandi Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð staðfestir ábyrgðar- og skuldbindingaryfirlit í sundurliðunarbók ársreiknings Akraneskaupstaðar vegna árins 2016.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:15.


Rakel Óskarsdóttir
Kristín Sigurgeirs dóttir
Ingibjörg Valdimarsdóttir
Fuglög Pálmaradóttir